



17. Miðstjórnarfundur RSÍ haldinn föstudaginn 12. janúar 2001

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð.
2. Yfirlit um skiptingu á Stórhöfða.
3. Orlofsmál.
Framkvæmdir.
Samningur við Golfklúbbinn Dalbúa og Félag

Bókagerðamanna

4. Kjarasamningar
5. Formannafundur ASÍ
6. Sambandsstjórnarfundur RSÍ
7. Önnur mál.

Fundur settur kl. 13:00

1. **Síðasta fundargerð.** Fundargerð samþykkt.

2. Yfirlit um skiptingu á Stórhöfða.

Yfirlit yfir kostnað og kostnaðarskiptingu vegna Stórhöfða hefur farið fram,

Lagður var fram endurnýjaður samningur um Innheimtustofuna Stórhöfða,

milli Rafiðnaðarsambands Íslands, Matvæla og veitingasambands Íslands og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar.

Lagður var fram endurnýjaður samningur um samskipti milli Rafiðnaðarsambands Íslands, Matvæla og

veitingasambands Íslands og Lífeyrissjóðsins Lífiðnar.

Báðir samningarnir voru staðfestir og voru engar athugasemdir gerðar við yfirlitið.

3. Orlofsmál.

Skorradalur. Þar er vinnu utan dyra nær lokið en vinna innanhúss fer að byrja, verður klárt til útleigu um páska.

Ljósheimar. Nýja íbúðin var afhent nýlega og endurnýjun er hafin en ljóst var við kaupin að um töluverða vinnu yrði að ræða. Áætlað að íbúðin verði tilbúin í leigu um miðjan mars.

Apavatn. Nýja húsið verður tilbúið til útleigu fyrir páska.

Framkvæmdir við baðherbergi í stóra húsinu eru hafnar og ætti að ljúka í byrjun mars.

Komið hefur fram í máli sérfræðinga að hæpið sé að bora eftir köldu vatni á svæði okkar og vænlegra sé að kaupa afnotarétt af vatnsveitu sem til er í nágrenninu.

Starfsmönnum RSÍ falið að ganga til samninga við bónda þann sem á vatnsveituna.

Lögð voru fram drög að samningi um eignarhald og fjármögnun á golfskála í landi Miðdals við Laugarvatn.

Starfsmönnum RSÍ heimilað að ganga frá þessum samningi.

4. Kjarasamningar.

Haraldur kynnti nýgerðan kjarasamning milli félaga starfsmanna Ísals og Samtaka atvinnulífsins vegna Ísals. Samningurinn er til 30. nóvember 2004. Atkvæðagreiðslu um samninginn lýkur 19. janúar.

Kjarasamningur milli RSÍ og SA vegna RARIK lagður fram til kynningar en hann hefur verið samþykktur í atkvæðagreiðslu, með voru 68 eða 83,25 %, á móti voru 11 eða 13,58% en ógildir 2 eða 2,24%

Viðræður við Selfossveitu eru í góðum gangi. Viðræður við launanevnd sveitarfélaga vegna Rafveitu Akureyrar eru í gangi. Landsvirkjunarsamningurinn, þar er verið að skoða tilboð sem og virkjunasamningurinn.

Viðræður við Landsímamann eru vel á veg komnar en Ratsjárstofnun og Kögun bíða eftir Landsvirkjunarsamningi. Gengið hefur verið frá samningi í Sementsverksmiðjunni.

Kísil- og Steinullarverksmiðjurnar eru í góðum farvegi.

Almenni samningurinn. Þar þarf að bæta einum launaflokki við vegna launaskriðs sem verið hefur, en samið var um slíka viðmiðun við síðustu samningagerð. Endurskoðun á ákvæðisvinnugrundvelli er lokið.

5. Formannafundur ASÍ

Lagt var fram bréf frá ASÍ þar sem boðað er til formannafundar þann 23. janúar. Ráðstefnan á að fjalla um mat á forsendum kjarasamninga í febrúar 2001.

6. Sambandsstjórnarfundur RSÍ

Samþykkt var að boða til Sambandsstjórnarfundar RSÍ dagana 21. og 22. apríl og halda fundinn á Flúðum.

7. Önnur mál.

Ósk barst frá ASÍ að RSÍ skipaði í starfsnefndir, form. Falið að ganga frá málinu í samræmi við síðustu skipan. .

Fundi slitið kl. 15:30, Haukur Ágústsson.